# Kennsluáætlun

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

| | |
|---|---|
| Áfangi: | ÍSLE3RN05 (hópur 1) Nútímabókmenntir<br><br>Undanfari: ÍSLE3BS05 eða sambærilegur áfangi |
| Kennari: | Erna Guðmundsdóttir |
| Önn: | Vorönn 2022 |
| Áætlun unnin: | Desember 2021 |

## Markmið:

Þekkingarmarkmið:

*Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:*

- bókmenntasögu 20. og 21. aldar,
- áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir tímabilsins,
- tengslum bókmennta og samfélags,
- nokkrum helstu höfundum og verkum þeirra,
- textum sem endurspegla ólíkar bókmenntastefnur,
- bragarháttum, myndmáli og stílbrögðum ljóða tímabilsins.

Leiknimarkmið:

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- lesa fjölbreytta texta tímabilsins, skilja meginhugtök og greina mismunandi sjónarmið,
- semja eigin texta með mismunandi stíl,
- skrifa heimildaverk sem tengjast tímabilinu,
- að flytja mál sitt á öruggan og uppbyggilegan hátt,
- að vinna bókmenntakynningar,
- að nýta sér handbækur og ítarefni á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt,
- að setja fram vel frágenginn texta.

Hæfnimarkmið:

*Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- tjá sig um íslenskar bókmenntir 20. og 21. aldarinnar í ræðu og riti og taka þátt í uppbyggilegum umræðum um efni þeirra,
- draga saman aðalatriði við túlkun og úrvinnslu krefjandi texta,
- átta sig á tengslum samfélags og boðskapar í textum,
- sýna víðsýni og sköpunarhæfni í umfjöllun sinni og verkum.

| | |
|---|---|
| sem metið er með: | Leiðsagnarmati. Fjórðungur (25%) einkunnar allra ritunarverkefni er fyrir réttritun, málfar og frágang. |

| | |
|---|---|
| Námsefni: | Dagný Kristjánsdóttir. 2010. *Öldin öfgafulla: bókmenntir tuttugustu aldarinnar.* Bjartur, Reykjavík.<br><br>Nemandi þarf að hafa aðgang að: *Þyrnar og rósir: sýnisbók íslenskra bókmennta á 20. öld.* Útgáfuna önnuðust Kristján Jóhann Jónsson, Sigríður Stefánsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir. Vaka-Helgafell, 1999.<br><br>*Mánasteinn.* Skáldsaga eftir Sjón.<br><br>*Atómstöðin.* Skáldsaga eftir Halldór Kiljan Laxness.<br><br>Annað efni í samráði við kennara.<br><br>**Handbækur og hjálparefni:**<br>Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2010. *Handbók um ritun og frágang.* (10.útgáfa). Mál og menning, Reykjavík<br>Kröfur FSN til verkefna- og ritgerðavinnu: https://moodle.fsn.is/course/view.php?id=76<br><br>**Ítarefni (þarf ekki að kaupa):**<br>Guðmundur Andri Thorsson (ritstj.). 2006. *Íslensk bókmenntasaga IV.* Mál og menning, Reykjavík.<br>Guðmundur Andri Thorsson (ritstj.). 2006. *Íslensk bókmenntasaga V.* Mál og menning, Reykjavík.<br>Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll.* Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Fræðirit I. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.<br>Sölvi Sveinsson. 2011. *Táknin í málinu.* Iðunn, Reykjavík. |

**Námsmat:**

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem nemandinn fær endurgjöf á það sem vel er gert ásamt ábendingum um það sem betur má fara. Við námsmatið er nýtt kennaramat, sjálfsmat og jafningjamat. Matið fer að stærstum hluta fram í kennslustundum og ekki er gefið að öll verkefni nemenda gildi til einkunnar.

Leitast er við að hafa námsmat sem fjölbreyttast til þess að sýna rétta mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemenda.

| | | |
|---|---|---|
| Prófseinkunn (10%): | Próf (skrifleg og/eða munnleg) | 10% |

| | |
|---|---|
| | |
| Verkefnaeinkunn (90%): | Verkefni úr *bókmenntasögu* að meðtöldu lokaverkefni 50%<br><br>*Mánasteinn* – lestur, umræður og verkefni 15%<br><br>*Atómstöðin* – lestur, umræður og verkefni 15%<br><br>Nútímaverk – lestur og verkefni 10%<br><br>Athugið að 25% af einkunn allra ritunarverkefna er fyrir réttritun, málfar og frágang. Því er mikilvægt að nýta tiltækar ritbjargir og handbækur. |

## Skipulag náms:

Námstilhögun:

Nám nemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og nemendur vinna ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Verkefnum er skilað á fjölbreyttan hátt og verður símat alla önnina. Ekki er þó gefið að öll verkefni sem nemandi skilar, gildi til einkunnar.

Nánar um verkefni og yfirferð hverrar viku er hægt að sjá í kennslukerfinu (Moodle) en öll vinnan fer fram í gegnum kerfið. Mikilvægt er því að kunna að nota Moodle eða leita aðstoðar hjá kennurum og/eða samnemendum. Gerð er sú krafa að nemendur fari reglulega inn í kennslukerfið og lesi fyrirmæli og skilaboð sem þar eru sett.

Ekki er gefin einkunn fyrir öll verkefni.

Um skilafrest og vanskil:

Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum Það er því mjög mikilvægt að mæta í allar kannanir/próf og skila öllum verkefnum á réttum tíma. **Ekki** er tekið við verkefnum eftir auglýstan skilafrest. Sjá nánar reglur um skilafrest: https://moodle.fsn.is/?redirect=0

**MJÖG MIKILVÆGT** er að þú hafir hugfast að ef þú missir af könnun EÐA tímaverkefni sem er á dagskrá ákveðinn dag og þú ert ekki skráð(ur) veik(ur) í Innu **MUNT ÞÚ EKKI FÁ** annað

tækifæri til þess að ljúka prófinu eða tímaverkefninu. Standir þú hins vegar frammi fyrir vandamálum eða aðstæðum, sem þú ræður ekki við, vinsamlegast hafðu þá samband við kennara tímanlega FYRIR skráða dagsetningu.

Ætlast er til að nemendur geymi verkefni sín þannig að tryggt sé að hægt sé að skila verkefnum þó tölva nemanda sé ekki tiltæk.

Um próf:

- Próf í áfanganum geta verið skrifleg og/eða munnleg

Vikuskema:

Mánudagar: 8:30-9:20
Þriðjudagar: 9:35-10:25
Miðvikudagar: 14:40-15:30
Fimmtudagar: 13:40-14:30
Föstudagar: verkefnatímar (3x40 mín) 9:30-11:30

## Áætluð yfirferð:

| **Kennsluvikur** | **Áætluð yfirferð** | **Skil á verkefnum/kannanir** |
|---|---|---|
| **Vika 1**<br>1.-8. janúar | Kennsla hefst 5. janúar.<br>Kynning á áfanga, lesefni og kröfum og vinnulag.<br>*Öldin öfgafulla* 1900-1910. | |
| **Vika 2**<br>9.-15. janúar<br>Töflubreytingum lokið 14. janúar | *Öldin öfgafulla* 1900-1910. | |
| **Vika 3**<br>16. – 22. janúar | *Öldin öfgafulla* 1910-1920.<br>Lestur á *Mánasteini* hefst. | |
| **Vika 4**<br>23. – 29. janúar | *Öldin öfgafulla* 1910-1920.<br>Lestur á *Mánasteini.* | |

| | | |
|---|---|---|
| **Vika 5**<br>30. janúar - 5. febrúar<br>**Framhaldsd. í Grundarf.**<br>**31. janúar – 3. febrúar** | *Öldin öfgafulla* 1920-1930.<br>Lestri á *Mánasteini* lýkur. | |
| **Vika 6**<br>6. – 12. febrúar<br>**11 . feb. – námsmatsdagur** | *Öldin öfgafulla* 1930-1940.<br>Lestur á *Atómstöðinni* hefst. | |
| **Vika 7**<br>13. – 19. febrúar<br>**14. feb. – námsmatsdagur**<br>**15. feb. – birting umsagnar** | *Öldin öfgafulla* 1940-1950.<br>Lestur á *Atómstöðinni.* | |
| **Vika 8**<br>20. – 26. febrúar | *Öldin öfgafulla* 1940-1950.<br>Lestur á *Atómstöðinni.* | |
| **Vika 9**<br>27. febrúar – 5. mars | *Öldin öfgafulla* 1950-1960.<br>Lestri á *Atómstöðinni lýkur.* | |
| **Vika 10**<br>6. – 12. mars<br>**Valtímabil 7. – 11. mars** | *Öldin öfgafulla* 1950-1960. | |
| **Vika 11**<br>13. – 19. mars<br>**Framhaldsd. í Grundarf.**<br>**14. – 17. mars** | *Öldin öfgafulla* 1960-1970.<br>Lestur á nútímaskáldverki hefst. | |
| **Vika 12**<br>20. mars – 26. mars<br>**Námsmatsdagur 25. mars** | *Öldin öfgafulla* 1960-1970.<br>Lestur á nútímaskáldverki. | |

| | | |
|---|---|---|
| **Vika 13**<br><br>27. mars – 2. apríl<br><br>**Námsmatsdagur 28. mars**<br><br>**29. mars – birting umsagnar** | *Öldin öfgafulla* 1970-1980.<br>Lestur á nútímaskáldverki. | |
| **Vika 14**<br><br>3.-9. apríl | *Öldin öfgafulla* 1980-1990.<br>Lestri á nútímaskáldverki lýkur. | |
| **Vika 15**<br><br>10.-16. apríl | **Páskaleyfi** | |
| **Vika 16**<br><br>19.-25. apríl | **Páskaleyfi** | |
| **Vika 17**<br><br>24. – 30. apríl<br><br>**25. apríl – kennsla hefst eftir páskaleyfi** | *Öldin öfgafulla* 1990-2020. | |
| **Vika 18**<br><br>1. - 7. maí | *Öldin öfgafulla* 1990-2020. | |
| **Vika 19**<br><br>8.-14. maí<br><br>**Framhaldsdeild í Grundarf. 9. – 12. maí** | Lokaverkefnisvika. | |
| **Vika 20**<br><br>17.-23. maí | **Námsmat** | |
| **Vika 21** | **23. – 25. maí – námsmatsdagar**<br>**24. maí – einkunnabirting**<br>**26. maí – uppstigningardagur** | |

| | | |
|---|---|---|
| 22. – 22. maí | **27. maí kl. 15:00 Útskrift** | |